

Fylkir ehf.
b.t. Framkvæmdastjóra
Grensásvegi 50
108 Reykjavík

Tegund skoðunar: Takmörkuð úttekt 13.12.2018

Staðsetning skoðunar: Vesturberg 195

Deild:

Eftirlitsmaður: [REDACTED]

Þátttakendur í eftirlitsheimsókn:

[REDACTED]

Upplýsingar tengdar heimsókn:

Takmörkuð skoðun á verkstað við Vesturberg 195 í Reykjavík. Verkstaður skoðaður og öryggismál rædd við stjórnanda verksins. Merki eru um það að starfsmenn sofi og hafist við á verkstað. Þar sem veigamikil aðbúnaðarmál starfsmanna og öryggisatriði á verkstað eru í ólagi er vinna bönnuð á verkstað að hálfu Vinnueftirlits. Heimilt að vinna að úrbótum á öryggismálum.

Í þessari eftirlitsskýrslu er gerð grein fyrir því sem krefst úrbóta af hálfu fyrirtækisins og gefin tímasett fyrirmæli um hvenær úrbótum skuli lokið.

Áður en tímafrestrir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [REDACTED]

Ef tilkynning um úrbætur berst Vinnueftirlitinu ekki innan tilgreinds tímafrests þá getur komið til stöðvunar vinnu eða lokunar á þeim hluta starfseminar er fyrirmæli beinast að, sbr. 84. gr., og/eða álagningar dagsekta, sbr. 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Taka skal með í áhættumat fyrirtækisins og áætlun um forvarnir þau atriði sem athugasemdir eru gerðar við í þessari skýrslu. Þó geta verið önnur atriði sem þarfnast úrbóta í fyrirtækinu og komu ekki fram í heimsókn Vinnueftirlitsins. Ef svo háttar skal einnig gera þeim skil í áhættumati fyrirtækisins.

Kynning

Farið skal yfir efni þessarar skýrslu með fulltrúum starfsmanna.

Athugasemd 1 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Þar sem veigamikil aðbúnaðarmál starfsmanna og öryggisatriði á verkstað eru í ólagi metur Vinnueftirlitið það að veruleg hættu sé á ferðum fyrir lífi og heilbrigði starfsmanna.

Fyrirmæli

Öll vinna við byggingaframkvæmdir í húsnæði við Vesturberg 195 í Reykjavík er bönnuð þar til búið er að gera úrbætur í samræmi við fyrirmæli og Vinnueftirlitið hefur aflétt banninu. Þrátt fyrir framangreint bann er heimilt að vinna að úrbótum á öryggismálum. Bann við vinnu er sett á grundvelli 85.gr. laga nr 46/1980

Lög & reglur:

046/1980 85 gr.: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Athugasemd 2 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Fallvörnum á verkpöllum við húsið er ófullnægjandi. Handrið og fallvarnir á verkpalla vantar á öllum stöðum. Slík skapar slyshættu fyrir starfsmenn.

Fyrirmæli

Tryggja skal öryggi starfsmanna við vinnu í hæð á verkstað.

Lög & reglur:

729/2018: Reglugerð um röraverkpalla

Athugasemd 3 - Vinnuverndarstarf

Lýsing & mat á aðstæðum:

Fyrirtækið hefur ekki gert skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði en hún á meðal annars að fela í sér sérstakt áhættumat með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfinu ásamt áætlun um heilsuvernd og forvarnir.

Fyrirmæli

Atvinnurekandi ber ábyrgð á gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði. Við gerð hennar skal haft samráð við öryggistrúnaðarmann og öryggisvörð/öryggisnefnd fyrirtækisins og skal henni lokið heimild vinnu á ný. Skal áætlunin kynnt í kjölfarið öllum starfsmönnum fyrirtækisins og tryggt að henni verði framfylgt við dagleg störf.

Lög & reglur:

920/2006: Reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

Athugasemd 4 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Á verkstað eru kranastjórnendi með erlend kranaréttindi að eigin sögn. (Ekki gögn um það á verkstað um slíkt) Öll erlend kranaréttindi þurfa að hljóta samþykki Vinnueftirlitsins áður en kranastjórnendur byrja að stjórna krönum á Íslandi.

Fyrirmæli

Aðeins er heimilt að kranastjórnandi með viðurkennd réttindi af hálfu Vinnueftirlitsins stjórni krana á verkstað. Vinna kranastjórnanda er bönnuð þar sem hann hefur ekki fengið staðfestingu og viðurkenningu á sínum réttindum.

Lög & reglur:

198/1983: Reglur um réttindi til að stjórna vinnuvélum, ásamt síðari breytingum
046/1980 6. mgr. 45. gr. : Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Athugasemd 5 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Drasli á umferðaleiðum á verkstað. Starfsmenn þurfa að fara um verkstaðinn þar sem allskonar byggingaefni liggur á víð og dreif og án skipulags, það skapar aukna slyshættu. Umferðarleið bak við húsið upp á efri hæð húsins í lausum stiga er ófullnægjandi og ótraust,

Fyrirmæli

Ganga skal frá umferðarleiðum á verkstað þannig að öryggi starfsmanna sé tryggt.

Lög & reglur:

547/1996: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

Athugasemd 6 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Opin göt í gólfplötu í húsinu. Fallhætta er fyrir hendi. Lokun þeirra ekki fullnægjandi.

Fyrirmæli

Tryggja skal öryggi starfsmanna vegna fallhættu á verkstað. Loka götum í gólfplötu á fullnægjandi hátt.

Lög & reglur:

547/1996: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

Athugasemd 7 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:
Öryggishlíf á borðsög vantar.

Fyrirmæli

Notkun á borðsög er bönnuð. Þar til að tilskyld öryggishlíf hefur verið sett á tæki.

Lög & reglur:

367/2006: Reglugerð um notkun tækja

Leiðbeiningar:

367/2006

2.8. Þegar hætta er á viðkomu við tækjahluta á hreyfingu þannig að slys getur hlotist af, skulu hafðar á þeim hlífar eða annar viðeigandi búnaður sem hindrar að unnt sé að komast á hættusvæði eða stöðvar hreyfingu þeirra hluta áður en á hættusvæði er komið.

Athugasemd 8 - Efni og efnaáhrif

Lýsing & mat á aðstæðum:

Sjúkrakassa vantar á verkstað. Slíkt er nauðsynlegt til að bregðast við slysum.

Fyrirmæli

Útvega skal strax sjúkrakassa á verkstaðinn.

Lög & reglur:

547/1996: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

Athugasemd 9 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Við skoðun eftirlitsmanna á verkstað að Vesturberg 195 var notkun persónuhlífa ábótavant. Slíkt veldur aukinni slysaþættu fyrir starfsmenn. Starfsmenn voru ekki í öryggisskóm, né með hjálma við vinnu sína o.fl.

Fyrirmæli

Atvinnurekandi skal tryggja að starfsmenn noti viðeigandi persónuhlífar við störf sín.

Lög & reglur:

547/1996: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

Leiðbeiningar:

9. Persónuhlífar.

9.1. Starfsmenn við byggingarvinnu skulu nota öryggishjálma og öryggisskó með stálhettu og stálplötu í sóla. Starfsmenn skulu nota aðrar persónuhlífar við vinnu sína eftir því sem nauðsynlegt getur talist svo sem: öndunargrímur, heyrnahlífar, hanska, augn- og andlitshlífar, öryggisbelti o.s.frv. Slíkar persónuhlífar leggur atvinnurekandi til. Þegar slíkra persónuhlífa er krafist eru starfsmenn skyldir að nota þær. Um notkun og gerð persónuhlífa skal fara eftir gildandi reglum.

Áður en tímafrestir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [REDACTED]

13.12.18



Dagsetning og undirskrift eftirlitsmanns

Andmælaréttur

Samkvæmt 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 er meginreglan sú að aðili máls á rétt á að tjá sig um nefni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Ef andmæli eru við efni skýrslunnar þurfa þau að berast Vinnueftirlitinu innan 14 daga frá dagsetningu hennar. Berist engin andmæli innan frestsins mun skýrslan standa sem lokaákvörðun.

Frestur til andmæla á ekki við ef vinna er bönnuð, starfsemi stöðvuð eða gefin eru fyrirmæli um tafarlausar úrbætur skv. 84. gr. og 85. gr. laga nr. 46/1980 og taka slíkar ákvarðanir gildi strax.

Áfrýjun úrskurða

Samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er heimilt að kæra ákvarðanir Vinnueftirlitsins til Velferðarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina.

Samkvæmt 2. mgr. 85. gr. laga nr. 46/1980 frestar kæra á ákvörðunum Vinnueftirlitsins samkvæmt 84. gr. og 85. gr. laganna ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi.